

Nd. 251. Breytingartillaga

við frv. til laga um happdrætti fyrir Ísland.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.
Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.
2. Greinatalan breytist samkvæmt þessu.